

Systkinasmiðjan – framhaldsnámskeið

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Börnum á aldrinum 8-14 ára sem eiga systkini með fötlun og hafa komið áður á Systkinasmiðjunámskeið.

Hámarksfjöldi þátttakenda: 12 þátttakendur

Lýsing á námskeiði

Á námskeiðinu leysum við saman ýmis verkefni, ræðum um stöðu okkar innan fjölskyldunnar, skólans og meðal vina. Við ræðum um hvernig við leysum úr erfiðleikum sem verða á vegi okkar, meðal annars vegna systkina okkar og margt fleira. Þessa þætti nálgumst við meðal annarra í gegnum ýmsa skemmtilega leiki þar sem hvert barn fær að njóta sín sem best og skemmti sér vel. Námskeiðið er ekki meðferðarúrræði heldur fyrst og fremst til að hjálpa börnum að tjá sig um reynslu og upplifun sína af því að eiga systkini með sérþarfir.

Markmið

1. Að bæta líðan barna með því að leyfa þeim að tjá sig um reynslu sína og upplifun af því að eiga systkini með sérþarfir
2. Að bæta samskipti barna við systkini sín
3. Að auka skilning þeirra á systkinum sínum
4. Að hitta önnur börn sem eru í svipuðum sporum og þau sjálf

Umsjón: Guðrún Ólafsdóttir sálfræðingur á Greiningar- og ráðgjafarstöð